

## Friðþæging með framvirkum samningum

### Síðari grein

Í fyrri grein okkar sem birtist hér í blaðinu 3. apríl sl. fjölluðum við um skipulagningu nýju viðskiptabankanna á árinu 2009. Leynd hefur nýlega verið svipt af fundargerðum stýrihóps þriggja ráðuneyta sem vann að þessari skipulagningu.

Fjármálaeftirlitinu (FME) bar að meta eignir nýju bankanna skv. 5. grein neyðarlaganna og réði Deloitte LLP til verksins. Nýju bönkunum bar að greiða þrotabúunum mismun innlána og eigna. Eftirlitsnefnd EFTA samþykkti í álitinu sínu á árinu 2010 að þessi aðferð væri í samræmi við EES samninginn. Nýju bankarnir fengu ekki að afhenda kröfuhöfunum þennan mismun í samræmi við ákvörðun FME. Fram kemur í fundargerðunum að stjórnvöld hafi í þágu friðþægingar kröfuhafa (orðið „appeasement“ er notað um þetta í fundargerðum stýrihópsins) til viðbótar við lagaskyldu gert framvirka samninga fyrir hönd nýju bankanna við kröfuhafa og veitt þeim ýmis önnur eignaréttindi.

Við rekjum hér að neðan mat okkar á þeim fjárhagslegu hagsmunum sem voru í húfi.

	Það sem bar að greiða skv. neyðarlögum (ma. kr.)	Það sem greitt var umfram neyðarlög (ma.kr.)	Það sem greitt var samtals (ma.kr.)
Íslandsbanki	52	80	132
Arionbanki	-38	43	5
Landsbankinn	275	92	367
<b>Samtals</b>	<b>289</b>	<b>215</b>	<b>504</b>

Í fyrri dálki töflunnar hér að ofan getur að líta inneignir þrotabúanna hjá nýju bönkunum í samræmi við neyðarlögin. Þannig átti Íslandsbanki að greiða þrotabúi Glitnis 52 ma. kr. og Landsbankinn að greiða þrotabúi Landsbanka Íslands 275 ma. kr. Þrotabú Kaupþings *skuldaði* hins vegar Arionbanka 38 ma. kr., þar eð innlánin í bankanum voru töluvert *hærri* en þær eignir sem færðar voru til hans við stofnun<sup>1</sup>. Á þessum tíma voru allir nýju bankarnir að fullu í eigu íslenska ríkisins. Heildarfjárhæð sem bankarnir skulduðu þrotabúunum var því 289 ma.kr.

Í seinni dálki töflunnar kemur fram nafnverð framvirku samninganna sem þrotabúunum voru afhentir umfram ákvörðun FME og áskilnað neyðarlaga. Nafnverðið nam 80 ma. kr. í tilviki Íslandsbanka, 43 ma. kr. í Arionbanka og 92 ma. kr. í Landsbanka. Samtals eru þetta 215 ma. kr. að nafnverði, en allir hafa samningar þessir verið gerðir upp að fullu<sup>2</sup>. Íslenska ríkið missti einnig 87% hlutafjár í Arionbanka á torskildan hátt.

Framvirku samningarnir hófu að bera vexti á mismunandi tímum. Arev ákvað því að færa

<sup>1</sup> Sjá skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna frá því í mars 2011.

<sup>2</sup> Þrotabú Glitnis fékk að auka hlutafjäreign sína í bankanum með því að gefa eftir réttindi vegna framvirks samnings að fjárhæð kr. 80 ma. kr. Með því að gaumgæfa þróun eigin fjár bankans og sjóðstöðu er augljóst að búið væri að greiða bréfið upp hefði það ekki verið gert upp með fyrrgreindum hætti.

# Arev

Þá alla til núvirðis sama dag og stofnað var til efnahags nýju bankanna í október 2008. Nafnverð samninganna var afvaxtað með tilliti til ávöxtunarkröfu frá fyrsta vaxtadegi samninganna. Verðmæti eiginfjár Íslandsbanka og Arionbanka í árslok 2013 var núvirt til sömu dagsetningar. Notuð var 7,75% ávöxtunarkrafa allt tímabilið, sem er í samræmi við skuldabréf ríkisins er gefin voru út í tengslum við stofnfjármögnun bankanna. Niðurstöðu matsins má finna í eftirfarandi töflu:

	<b>Lands- banki</b>	<b>Íslands- banki</b>	<b>Arion- banki</b>	<b>Samtals</b>
Fyrsti vaxtadagur	9.10.2008	15.10.2008	22.10.2008	22.10.2008
Stofnframlag þrotabússins á fyrsta vaxtadegi		-52	0	
Framvirkur samningur		0	38	
Endurgreiðsla á framvirkum samningi		0	-38	
Núvirði eiginfjár í árslok 2013 á fyrsta vaxtadegi		112	97	
Hlutdeild minnihluta		-6	-13	
Núvirði á vaxtadegi	67	54	85	206
<b>Núvirði í árslok 2013</b>	<b>99</b>	<b>81</b>	<b>126</b>	<b>307</b>

Þrotabúin fengu skv. þessu afhent verðmæti umfram áskilnað neyðarlaga sem nema núvirt í árslok 2013 um 307 milljörðum króna.

Jón Sch. Thorsteinsson og Sigurður Berntsson starfa hjá fjármálaráðgjöf Arev verðbréfafyrirtækis hf.